

## MENNING

## Taka upp í gamalli kirkju

„ÞEGAR við erum í Reykjavík þurfum við alltaf að vera að gera allt annað. Við ákváðum að fara út úr bænum og leist vel á þetta, að fara út í Eyjar þar sem við fáum vinnufrið og meira verður úr verki,“ segir Jóhann Ásmundsson, bassa-leikari í Mezzoforte, en hljómsveitin er að fara í upptökur á nýrri plötu í glænnýju stúdíó sem hefur verið komið upp í gömlu Betel-kirkjunni í Vestmannaeyjum.

Platan á að koma út í byrjun næsta árs, en þá verða fimm ár liðin frá því að sveitin sendi síðast frá sér efni. „Við erum nú ekki að breyta neitt um stefnu, en við erum komnir með nýja meðlimi,“ seg-



Mezzoforte eru á leiðinni til Vestmannaeyja.

ir Jóhann og á þar við saxófónleikarann Óskar Guðjónsson, trompetleikarann Sebastian og Bruno Mueller á gítar sem gengið hafa til liðs við upprunalegu meðlimina Jóhann, Gunnlaug Briem og Eyþór Gunnarsson.

Mezzoforte-liðar hafa verið á tónleikaferðalagi um Rússland, Þýskaland og eru nú staddir í Noregi þar sem þeir hafa meðal annars verið að prufukeyra nýja efnið. „Við höfum verið að leyfa fólki að heyrja og viðbrögðin hafa verið mjög fin. Við blöndum þessu svona við annað,“ segir Jóhann. Eyjamenn fá svo að heyrja sýnishorn af því í bland við forfræg lög sveitarinnar á tónleikum næsta fimmtudagskvöld. [gunnhildur@mbl.is](mailto:gunnhildur@mbl.is)

## Fólk



## „Afsakið hlé“?

■ Sú stefna Listasafns Íslands að tvíanna sýningar öðrum menningarviðburðum hefur vakið eftirtekt. Margir eru án efa þegar farnir að hlakka til sýningar safnsins á verkum Fridu Kahlo um það leyti sem íslenskt leikrit um hana verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.

Það var sömuleiðis vel til fundið að vera með sýningu á verki **Shirin Neshat** nú þegar hún er gestur RIFF – Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

Opnunarveislu hátíðarinnar í Regnboganum í fyrrakvöld var haldið áfram í Listasafni Íslands af þessu tilefni – en reyndar umtalsvert lengur en til stóð.

Þegar mætt var á staðinn var sýningin alls ekkert til sýnis og þurftu gestir að bíða í tæpar tvær stundir þangað til þeir fengu að njóta listar Neshat. Viðstöðdum leið mörgum eins og þegar „Afsakið hlé“ skjámyndin birtist á Ríkissjónvarpinu. Ef ekki hefði verið fyrir vínföngin er næsta víst að flestir hefðu bara drifið sig heim.



## Bandaríska drauminn má finna í sjónvarpinu

■ DV sagði frá því í gær að íslenska hljómsveitin Seabear hefði selt eitt laga sinna í bandaríska sjónvarpsþáttinn Gossip Girl sem um þessar mundir er einn vinsælasti þátturinn vestanhafs. Að sögn forsprakka sveitarinnar, **Sindra Más Sigfússyni**, mun greiðslan hafa verið það myndarleg að hún borgaði fyrir yfirstandandi hljótleikaferðalag sveitarinnar um Evrópu. Án þess að Sindri Már nefni neinar upphæðir má reikna með að fimm vikna tónleikaferð hlaupi á nokkrum milljónum og því greinilega um ágæta búbot að ræða. Fleiri íslenskir tónlistarmenn hafa notið góðs af góðum tónlistarsmekk erlendra kvikmynda- og sjónvarpsframleiðenda og fengið dágóðar upphæðir fyrir. Má þar nefna sveitir á borð við Ampop, Quarashi og Sigur Rós að ónefndum Megasi sem á áttunda áratugnum átti tónlist í ítalskri kvikmynd.

## Utan við sjálfan sig

- Ungir listamenn fjalla um verk Halldórs Laxness á Gljúfrasteini í vetur
- Bergur Ebba Benediktsson ríður á vaðið og rýnir í Heimsljós

Eftir Ásgeir Ingvarsson  
[asgeiri@mbl.is](mailto:asgeiri@mbl.is)

„AÚÐVITAÐ verður þetta ekki fyrirlestur fræðilegs eðlis, enda eru margir hæfari en ég til að fara í bókmenntafræðilegar kenningar og þælingar um verk Halldórs. Ég tala meira út frá sjálfum mér: persónulegri upplifun af verki sem er í persónulegu uppáhaldi,“ segir Bergur Ebba Benediktsson sem er einn meðlima hljómsveitarinnar Sprengjuhallarinnar.

Bergur er fyrstur þriggja ungra listamanna sem halda „stofuspjall“ á Gljúfrasteini um tengsl þeirra við og skoðanir á nóbelskaldinu en seinna í haust munu þau Erpur Eyvindarson rappari og Gunn Snædal ljóðskáld spjalla í stofunni.

## Las Laxness tilneyddur

En af hverju valdi Bergur Ebba að fjalla um Heimsljós? „Ég fór ekki að lesa verk Halldórs Laxness fyrir en ég var skikkaður til að gera það í menntaskóla,“ játar hann. „En í kjölfarið fór ég að lesa meira af verkum Halldórs. Maður var mjög móttækilegur á þessum tíma og sennilega hafa skrif Halldórs Laxness haft mikið að gera bæði með hvernig ég upplifi mig sem Íslending og upplifi þjóðina.“

Bergur segir Heimsljós hafa verkað sterkt á sig þegar hann las bókina fyrst sem unglingur og fann mikla samsvörun í Ólafi Kárasoni Ljósvík-ingi: „Söguhetjan er að uppgötva ýmislegt um sjálfan sig og aðra. Hann er utan við hópinn; stendur einhvern veginn utan við samfélagið og getur þess vegna horft á það úr fjarlægð og skilið hvernig það gengur fyrir sig,“ segir hann.


## Fyrirmynd sem listamaður

Bláðamaður innir konunginn í Sprengjuhöllinni eftir því hvort Heimsljós eða önnur verk Halldórs Laxness hafi mótað hann sem listamann: „Áreiðanlega,“ svarar Bergur Ebba. „Þó held ég að mest áhrif hafi Halldór Laxness haft sem persóna: hvað hann var ótrúlega metnaðarfullur sem rithöfundur og sem listamaður. Hann sýndi í raun hversu mikilvæg listin er í vitund fólks og þjóðar. Hann sýndi hvernig listamenn geta haft miklu meiri áhrif en nokkur pólitikus eða auðmaður. Og það er þetta sem gefur ungu og skapandi fólki í dag innblástur og vilja til að leggja listir fyrir sig.“



Morgunblaðið/Valdís Thor

Bergur um skáldið „Hann sýndi í raun hversu mikilvæg listin er í vitund fólks og þjóðar,“ segir Bergur sem fjallar um Heimsljós á Gljúfrasteini á morgun, sunnudag, klukkan 16.



## Saga unglings og samfélags

HALLDÓR Laxness lét Heimsljós frá sér í fjórum hlutum á árunum 1937-1940, á eftir *Sjálfstæðu fólki* en undan *Íslandsklukkunni*.

Heimsljós segir þroskasögu Ólafs Kárasonar sem kallar sig Ljósvíking en í gegnum ævi hans og upplifanir skoðar Halldór Laxness stöðu skáldsins í þjóðfélag-

inu og hugarheim hans, stétta-átök og kjör alþýðunnar.

Ílla er farið með Ólaf á bænum Fæti undir Fótarfæti og er raunar allt og allir á móti Ólafi frá fyrsta degi en Halldór leggur honum í munn margar ljóðaperlur sem í dag þykja með mestu bókmennta-gersemum þjóðarinnar.

## Harðfiskur og kynlíf

Jóna Hlíf Halldórsdóttir vinnur með grænlenkskar þjóðsögur

Eftir Gunnhildi Finnsdóttur  
[gunnhildur@mbl.is](mailto:gunnhildur@mbl.is)

„ÞAÐ er húmor í þessu, ég verð með risastóran kaðal sem hægt er að róla sér í, það verk heitir *Fyrsta fullnægingin*,“ segir Jóna Hlíf Halldórsdóttir sem opnar sýninguna Full af engu – Plenty of nothing í Hafnarhúsinu í dag. „Verkin mín eru oft mjög kynferðisleg og ég held þeim tóni áfram. Þetta er svo stór hluti af lífi okkar og því hvernig við högum okkur. Harðfiskur kemur líka við sögu á sýningunni, því hann er bæði fallegur og þjóðlegur.“

## „Ég er bara skítur“

Jóna Hlíf vinnur áfram með hugmyndir sem hún hefur verið að fást

## Orðrétt

„Mig dreymir um mann í íslenskri lopapeysu nakinn að neðan spilandi á harmónikkú á meðan ég lem hann með harðfiski.“

Textaverk af sýningunni Full af engu.

við á síðustu sýningum, en nú leggur hún áherslu á konuna. „Sýningin fjallar um hvernig konan bjargar sér út frá hvernig hún er og hvernig lítið er á hana,“ segir Jóna Hlíf. „Hvernig hún er sterk og bjargar sér úr að-

stæðum sem henni er stundum þröngvað í.“

Sýningin samanstendur af stóru textaverki og tveimur stórum ljósmyndum. Jóna sótti innblástur í bókina *Kajak, drekkhlaðinn af draugum* sem er safn þjóðsagna inúíta. „Ég geng út frá sögu sem fjallar um konu sem er allsber og á túr og enginn vill gefa henni að borða. Hún öskrar aftur og aftur „Ég er bara skítur, ég er bara skítur“ þangað til hún gengur fram á hval sem hefur synt í land og hún borðar hann. Ég er að fjalla um það hvernig konan bjargar sér. Mér finnst þessi setning, „ég er bara skítur“ vera einhver tilfinning sem maður fær þegar maður er að byrja á túr og fær ljótuna.



Ljósmynd/Brooks Walker

Róla Eitt verka Jónu Hlífar ber nafnið Fyrsta fullnægingin.